

**Fundargerð háskólaráðs**  
**371. fundur miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 13:30-16:00**  
**Borgir, fundarherbergi 262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:35.

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðuneytis og Elvar Jónsson, varafulltrúi hans.

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen verkefnastjóri á skrifstofu rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Eydís Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs  
Sigfríður Inga Karlsdóttir, formaður hjúkrunarfræðideildar  
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður RHA

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 370. fundar til samþykktar**

*1602045*

Fundargerð 370. fundar lögð fram til samþykktar. Fundargerð samþykkt án athugasemda.

**2. Mál til kynningar**

- Creative Communities – skapandi samfélag  
Rektor kynnti málið – grasrótarhópur á Akureyri hefur verið að hittast og fjalla um þessa hugmyndafræði og stefnan að vinna

áfram að þessum hugmyndum. Hvað HA varðar er áætlað að taka þessa hugmyndafræði með í stefnumótun HA.

- Rektor sagði frá fyrirhugaðri ferð sinni til Grænlands á Arctic Circle Forum. Einnig er ætlunin að reyna að koma á nánara samstarfi við Háskólann í Nuuk og þróa áfram samstarf á norðurslóðum.
- Fréttir af stefnumótun. Rektor rakti stöðuna í stefnumótunarvinnu skólans og sagði frá fundi sínum með menntamálaráðherra 27. apríl þar sem hann fór yfir stöðuna í stefnumótun HA með ráðherra og fulltrúum úr ráðuneytinum.

### **3. Rekstur – staða eftir 1. ársfjórðung**

Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson komu inn á fundinn undir þessum lið. Úlfar kynnti rekstrarstöðu skólans að loknum 1. ársfjórðungi. Rekstrarstaða skólans í heild innan áætlunar, með afgangi sem gert er ráð fyrir að þurfi til vegna launahækkana sem koma til þann 1. júní n.k. Að teknu tilliti til áðurnefndra launahækkana framundan er fjárhagur skólans áfram mjög þröngur og má lítið bregða út af.

### **4. Breytingar á reglum um rannsóknasjóð**

Úlfar Hauksson kynnti fyrirhugaðar breytingar á reglum um rannsóknasjóð, þar á meðal nýja sjóði sem koma inn, m.a. vegna kjarasamninga, þ.e. ferðasjóður og starfsskyldusjóður. Lagt er til að allir þessir sjóðir, þ.e. núverandi rannsóknasjóður og svo ferðasjóður, starfsskyldusjóður og útgáfusjóðir fari allir undir sömu stjórn, stjórn rannsóknasjóðs HA, sem verði falið að endurskoða reglur um rannsóknasjóð og leggja til úthlutunarreglur og verklag. Háskólaráð telur að þurfi að skoða betur hvort ferðasjóður eigi heima undir þessari heildarsjóðstjórn. Málinu frestað, tekið aftur fyrir á næsta fundi þar sem háskólaráð óskaði eftir að reglur um ferðasjóð væru skoðaðar betur. Málinu frestað til næsta fundar.

### **5. Leiðbeiningar/verklag um sameiginlegar gráður**

Fyrir liggja tillögur frá gæðastjóra um leiðbeiningar og verklag fyrir skólann þegar um er að ræða samstarf um sameiginlegar gráður. Rektor kynnti málið. Lagt fram til kynningar.

### **6. Kostnaður fjarnema/brotthvarf fjarnema**

Lögð fram til kynningar samantekt námsráðgjafa um að mjög mismunandi sé hversu mikinn kostnað fjarnemar bera, bæði vegna námsaðstöðu í heimabyggð, ferða- og gistikostnaðar og komu til Akureyrar í námslotur. Fjarnemar hafa bent á að oft eru námslotur á Akureyri ekki

nægilega markvissar og of mikið í fyrirlestrarformi sem hægt er að sinna í gegnum fjarnámið – þarf að móta betur fjarnámsstefnu og heildarstefnu um hvernig skólinn vill sinna og þjónusta fjarnema.

## **7. Skipun öryggisnefndar**

1601064

Lagt fram til kynningar. Háskólaráð beinir til rektors að kanna með hvaða hætti nemendur gætu komið að öryggismálum innan skólans.

## **8. Skipun rannsóknamisserranefndar**

1604013

Lagt fram til kynningar.

## **9. Fjöldatakmarkanir í nám**

Eydís Sveinbjarnardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs og Sigfríður Inga Karlsdóttir, formaður hjúkrunarfræðideildar komu inn á fundinn undir þessum lið.

### a) Samkeppnispróf í hjúkrunarfræði.

Lagðar fram tillögur hjúkrunarfræðideildar um samkeppnispróf í hjúkrunarfræði haustið 2016. Lagt er til að samkeppnispróf í hjúkrunarfræði verði áfram og lagt til að háskólaráð samþykki að fjölga nemendum sem komast í gegnum samkeppnisprófin um 5, þ.e. að 55 nemendur komist áfram í stað 50 áður. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### b) Almenn um fjöldatakmarkanir

Almennar umræður sköpuðust um að á næstu árum þurfi að fjölga hjúkrunarfræðingum og því þurfi að stefna að því að fjölga hjúkrunarfræðinimum á næstu árum. Þarf að setja fram áætlun um fjölgun hjúkrunarfræðinema og að hægt sé að tryggja auknum fjölda nemenda pláss í klínísku starfsnámi, hvort sem er á Íslandi eða erlendis, svo skólinn sé tilbúinn að fjölga nemendum ef aukið fjármagn fæst til þess.

A-próf (sbr. Háskóli Íslands) vs. klásus (samkeppnispróf):

Hjúkrunarfræðideild HÍ er nú með svokölluð A-próf, þannig að allir sem standast þessi inntökupróf komast inn í námið en HA hefur haldið sig við samkeppnisprófin. Reynslan í HÍ hefur sýnt að brottfall nema sem komast í gegnum A-próf er meira á meðan brottfall í HA eftir samkeppnispróf er nánast ekkert.

## **10. Breytingar á framgangsreglum**

Breytingar á framgangsreglum í vinnslu í kjölfar breytinga á reglum um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna. Málið er enn á vinnslustigi. Lagt fram til kynningar.

### **11. Vinnureglur um veitingu rannsóknamissera fyrir doktorsnema/nýdoktora**

Lagt fram til kynningar. Vinnureglur í samræmi við samþykkt háskólaráðs um að rektor veiti akademískum starfsmönnum sem eru í doktorsnámi eða nýdoktorum rannsóknamisseri á árinu 2017.

### **12. Úthlutun úr Rannís 2016**

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður RHA, kom inn á fundinn undir þessum lið. Hún hefur tekið saman niðurstöður úr flestum umsóknum sem HA sendi inn í Rannís, en engin umsókn frá HA fékk brautargengi hjá Rannís að þessu sinni. Guðrún Rósa fór yfir niðurstöður og umsagnir umsókna frá HA.

Vísindaráði og stjórnarsýslu rannsókna hefur verið falið að vinna áfram með málið og leggja fram tillögur að aðgerðum og úrbótum um hvernig hægt er að styðja við umsækjendur og auka líkurnar á árangursvænum umsóknum frá HA.

### **13. Skipun afmælisnefndar í tilefni af 30 ára afmæli HA**

Tilnefningar frá sviðum liggja fyrir. Vantar tilnefningar frá nemendum og rektor mun skipa formann. Háskólaráð leggur til að Svanfríður Jónasdóttir muni vinna með afmælisnefnd sem fulltrúi háskólaráðs.

### **14. Verklag vegna nýs námsframboðs við HA**

Frestað til næsta fundar.

### **15. Önnur mál**

Breyting á fundartíma næsta fundar. Næsti fundur háskólaráðs verður þriðjudaginn 31. maí n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.23.